

# Fundur stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar Vers haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 14. október 2015 kl. 16:00

**Mætt voru** Valgerður Sæmundsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

## **Dagskrá fundar:**

### **1. Átta mánaða uppgjör**

Sveitarstjóri fór yfir 8 mánaða uppgjör. Fjárhagsáætlun er heilt yfir að standast en tilfærslur eru á milli liða.

### **2. Gjaldskrármál**

Umræður voru um gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar, sveitarstjóra falið að yfirfara gjaldskrá með forstöðumanni. Einnig var rætt um leigu á sölum og aðstöðu til stofnana, fundarmenn veltu því upp hvort útleiga endurspegladi raunkostnað vegna rekstrar.

### **3. Rekstur húsnæðis**

Þarft er að fara í ýmist viðhald, sveitarstjóri upplýsti fundarmenn um væntanlega þakviðgerð og að unnið væri að gerð kostnaðaráætlunar vegna hennar. Farið var yfir loftræstimál í sundlaugarrými, áætlaðan kostnað, framkvæmd ofl.

Stjórn var sammála um að leggja áherslu á viðhald og umhirðu húsnæðis í komandi fjárhagsáætlunargerð.

Rætt var um möguleika hvað varðar varmadælur, sveitarstjóra falið að skoða fjárfestingarkostnað og mögulegan sparnað. Fundarmenn sammála um að umtalsverður hagur gæti verið í uppsetningu varmadælukerfis. Ljóst að samhliða þyrfti að endurnýja mikið af búnaði er tengist sundlauginni og hitastýringum.

### **4. Önnur mál**

Samþykking fundargerða, fundarmenn sammála um að sveitarstjóri mundi færa fundargerð og að hún yrði samþykkt með rafrænum hætti í tölvupósti.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 16:50